

16 02 347

SAMNINGUR UM FRAMLAG LISTAMANNA
TIL SÝNINGA

FRAMLAGSSAMNINGUR 2015

SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA

NÓVEMBER 2015

SAMNINGUR UM FRAMLAG LISTAMANNA TIL SÝNINGA

Samband íslenskra myndlistarmanna, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og opinber söfn á Íslandi, þau sem njóta fastra fjárveitinga eða langtímafjárveitinga til a.m.k. þriggja ára, gera með sér svofelldan samning sem skal vera grundvöllur að samningi listamanna við öll söfn á Íslandi og kemur til framkvæmda í áföngum.

HUGTÖK OG SKILGREININGAR

Listamaður: Myndlistarmaður sem tekur þátt í listsýningu.

Sýningarhaldari: Ríkið, Reykjavíkurborg og opinber söfn á Íslandi sem njóta fastra fjárveitinga eða langtímafjárveitingar til a.m.k. þriggja ára og njóta viðurkenningar skv. 10. gr. safnalaga nr. 141/2011.

Samtökin: Samband íslenskra myndlistarmanna.

Farandsýning: Sýning sem sýnd er á fleiri en einum stað, eða: Uppsett sýning sem seld er, leigð eða lánuð öðrum sýningarhaldara.

Framlag listamanns: Sú vinna og þjónusta sem liggur að baki sýningu af hálfu myndlistarmanns, bæði listræn störf við gerð verkanna og vinnuframlag við undirbúning og uppsetningu sýningarinnar.

Þóknun: Greiðsla fyrir sýningu á verki/verkum eftir listamann og í eigu hans á opinberum söfnum í ákveðinn tíma.

Greiðsla fyrir vinnuframlag: Laun fyrir faglega þjónustu sem listamaður veitir sýningarhaldara með ráðgjöf og vinnu við undirbúning, uppsetningu o.fl., fyrir sýningu, á meðan á sýningu stendur, og eftir að henni lýkur.

1. grein. Tilgangur og efni samnings.

Markmið með samningi þessum, sem er rammisamningur, er að koma á skýru verklagi við listsýningar og kveða á um réttindi og skyldur sýningarhaldara og listamanns í tengslum við þær.

Í samningi þessum er kveðið nánar á um:

1. Gildissvið.
2. Form samningaviðræðna og innihald sjálfstæðs samnings milli sýningarhaldara og listamanns.
3. Þóknun hérlendis og/eða erlendis.
4. Samstarf, eftirfylgni, ráðstafanir við vanefndir og úrlausn ágreiningsmála.

2. grein. Gildissvið samningsins.

1. Samningur þessi gildir um sýningar, opnar almenningi, með verki eða verkum sem flokkast undir myndlist, á hvern hátt og í hverju formi sem þau birtast, sbr. 1. grein höfundalaga nr. 73/1972. Eru þau sameiginlega kölluð „listaverk“ í samningi þessum.

2. Undanskildar samningnum eru sýningar á listaverkum myndlistarnema, enda skipuleggi námsstofnunar sýninguna í tengslum við menntun nemandans.

3. Samningurinn gildir ekki um sýningar á listaverkum eftir látna menn.

4. Samningurinn gildir ekki um sýningar á listaverkum sem eru í eigu sýningarhaldara, sbr. 1. mgr. 25. gr. höfundalaga.

5. Til fyllingar samningi þessum gilda höfundalög eins og við getur átt, enda sé ekki vikið frá þeim með ákvæðum samnings þessa.

3. grein. Samningsgerð.

Samningur þessi skal lagður til grundvallar sjálfstæðum samningum sem sýningarhaldari og listamaður skulu gera. Áður en vinna við sýninguna hefst ber sýningarhaldara, að því marki sem mögulegt er, að hefja við listamanninn samningaviðræður og gera við hann skriflegan sjálfstæðan samning þar sem fram koma skilmálar fyrir þátttöku listamannsins í sýningunni.

Þegar listamenn sýna saman sem hópur er hægt að gera samning við hópinn sem slíkan. Annars skal gerður sérstakur samningur við hvern listamann fyrir sig.

Þegar sýningar eru haldnar á vegum stofnunar sem er önnur en upprunalegi sýningarhaldari sýningarinnar, svo sem farandsýningar, ber stofnunarinn sem heldur sýninguna ábyrgð á því að gera skriflegan samning við listamanninn.

Gerður skal sjálfstæður samningur um hverja sýningu. Skal hann að lágmarki uppfylla þær kröfur sem settar eru í þessum samningi.

4. grein. Inntak sjálfstæðs samnings.

Í sjálfstæðum samningi sýningarhaldara og listamanns skulu vera ákvæði um þessi atriði:

- a. Lýsingu á sýningu með upplýsingum um sýningartíma, stað/staði, ábyrgan sýningarhaldara, listamanninn eða listamennina sem sýna, skilafrest listaverka og skrá um þau.
- b. Kostnað sem sprettur af sýningu, til dæmis kostnað við sendingar, tryggingar, ferðalög, tæknibúnað og fleira þess háttar.
- c. Ákvæði um fjárhæð þóknunar og gjalddaga. Þóknun skal vera í samræmi við framlagsgjaldskrá SÍM (sjá 5. gr.)
- d. Aðrar greiðslur vegna sýningarverkefnisins, svo sem greiðslu fyrir vinnuframlag. Í samningnum, skal meðal annars fjallað um verkefni á borð við sýningarskrá, upphengingu og uppsetningu, fundahöld, leiðsögn og frágang, sbr. ákvæði um greiðslu fyrir vinnuframlag í framlagsgjaldskránni, sem byggð er á viðmiðunartaxta SÍM (sjá 8. gr. í framlagsgjaldskránni).
- e. Þá sýningarhaldara sem sýninguna halda ef um farandsýningu er að ræða.

Vanræki sýningarhaldari að gera sjálfstæðan samning í samræmi við ákvæði samnings þessa getur listamaður beint kvörtun þar um til samstarfsnefndar, sbr. 7. grein. Samstarfsnefnd skal beina tilmælum til sýningarhaldara um að bæta úr og leita sátta með aðilum eins og unnt er.

5. grein. Þóknun.

Í framlagsgjaldskrá SÍM, sem er fylgiskjal með samningi þessum og telst vera hluti hans, er kveðið á um þóknun til listamanns þegar sýningarhaldari sýnir almenningi listaverk eftir hann og í eigu hans. Jafnframt eru þar ákvæði um greiðslu fyrir vinnuframlag. Í gjaldskránni er kveðið á um lágmarksþóknun og er sýningarhaldara óheimilt að semja um lægri þóknun en í gjaldskránni greinir.

Við upphaf hvers árs skulu fjárhæðir í framlagsgjaldskránni uppfærðar miðað við breytingar á launavísitölu frá síðustu áramótum. Launavísitala 7. maí 2015 er 505,7.

Í sjálfstæðum samningi sýningarhaldara og listamanns er óheimilt að semja um að ekki skuli greidd þóknun. Í því felst m.a. að óheimilt er að umbreyta þóknun í greiðslu fyrir vinnuframlag eða kostnað hans í tengslum við sýninguna.

Hafi sýningarhaldari vanrækt að gera sjálfstæðan samning og sáttaumleitanir ekki leitt til niðurstöðu er listamanni rétt að krefja sýningarhaldara um hæfilega þóknun með reikningi sem tekur mið af ákvæðum samnings þessa og framlagsgjaldskrá SÍM.

Fjárhæð þóknunar fyrir hverja sýningu ræðst af tölfræðilegu yfirliti um fjölda gesta á næstliðnu starfsári og af lengd sýningartíma.

Ef um farandsýningu er að ræða skal þóknun greidd fyrir hvern sýningarstað. Upphæð þóknunar er breytileg og ræðst af tölfræðilegu yfirliti yfir fjölda gesta hjá hverjum sýningarhaldara og af sýningartíma samkvæmt framlagsgjaldskránni. Undanþegnar frá reglunni um þóknun fyrir hvern sýningarstað eru stórar farandsýningar fleiri en 20 listamanna, sem sérstaklega er fjallað um í gjaldskránni.

Nú getur sýningarhaldari ekki sýnt listaverk vegna þjófnaðar, skemmda eða annarra aðstæðna sem eru ekki á ábyrgð listamannsins, og skal hann þá eftir sem áður greiða þóknun fyrir umsamið sýningartímabil.

6. grein. Varðveisla og ábyrgð á listaverkum.

Sýningarhaldari sem hefur fengið listaverk til varðveislu, þ.m.t. til sýningarhalds, ber ábyrgð á varðveislu þess. Sé listaverki stolið eða það skemmist af einhverjum ástæðum ber sýningarhaldara að bæta listamanni það að fullu eða greiða fyrir endurgerð listaverksins sé þess kostur. Verðmæti listaverksins skal miðast við markaðsverð, en skal þó ekki undir neinum kringumstæðum metið minna en það sem sanngjarnt má telja með hliðsjón af hæfilegri vinnu listamannsins við gerð þess. Komi aðilar sér ekki saman við mat á verðmæti eða um aðferð til að ákvarða það skulu dómkvaddir matsmenn skera úr.

7. grein. Samstarfsnefnd um eftirfylgni.

Á vegum samningsaðila starfar samstarfsnefnd til þess að fylgja því eftir að ákvæðum samnings þessa sé hrint í framkvæmd og fylgjast með því hvernig þeim er beitt. Nefndin skal einnig sinna ágreiningsmálum sem kann að verða vísað til hennar.

Í samstarfsnefndinni sitja fimm fulltrúar. Samtökin tilnefna einn þeirra, mennta- og menningarmálaráðherra einn, Reykjavíkurborg einn, opinber söfn einn en samningsaðilar velja í sameiningu fimmta fulltrúann og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin getur boðað sýningarhaldara, listamenn og aðra sem málið varðar á fund sinn til viðræðna.

Nefndin skal funda a.m.k. tvisvar á ári. Kalla skal nefndina til fundar ef einhver samningsaðila fer þess á leit. Fundargerð skal færð á nefndarfundum og skal hún birt á vefsetri samtakanna.

8. grein. Vanefndir.

Um vanefndir og úrræði vegna vanefnda gilda almennar reglur. Sýningarhaldari getur haldið eftir greiðslum vegna vanefnda listamanns, eða rift sjálfstæðum samningi ef vanefndir verða verulegar eða forsendur bresta.

9. grein. Gildistími samnings, uppsagnarákvæði og endurskoðun.

Samningur þessi gildir frá og með undirritun og er ótímabundinn.

Hver samningsaðili hefur rétt til að segja samningnum upp fyrir sitt leyti með sex mánaða fyrirvara og skal uppsögn miðast við næstkomandi áramót. Uppsögn skal vera skrifleg.

10. gr. Úrlausn ágreiningsmála.

Ágreiningsmál vegna samnings þessa má reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem samningur þessi felur í sér nýmæli í viðskiptum aðila skal hver þeirra um sig tilnefna fulltrúa í nefnd til að endurskoða samninginn lið fyrir lið. Nefndin skal innan þriggja ára frá undirritun samningsins leggja fram breytingartillögur eftir því sem hún telur tilefni til. Um hvers kyns breytingar á samningnum gilda ofangreind ákvæði um uppsagnarfrest, enda verði aðilar ekki sammála um annað.

Reykjavík, 6. apríl 2016

Fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Fyrir hönd Sambands íslenska myndlistarmanna

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Fyrir hönd opinbera safna á Íslandi

FRAMLAGSGJALDSKRÁ – GJALDSKRÁ SAMKVÆMT FRAMLAGSSAMNINGNUM. FYRIR ÁRIÐ 2016.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til 2. greinar í framlagssamningnum, *Samningi um framlag listamanna til sýninga* frá 6. apríl 2016 og telst vera hluti af honum. Framlagsgjaldskráin nær til þóknunar til listamanna vegna sýninga á opinberum söfnum á Íslandi og til greiðslu fyrir vinnuframlag í tengslum við sýningu. Aðilar að samningnum eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, íslensk listasöfn og Samband íslenskra myndlistarmanna. Hugtök eru í gjaldskránni notuð á sama hátt og í framlagssamningnum.

Þóknun fyrir sýningu byggist á listrænni vinnu listamanns við gerð sýningarinnar, enda séu listaverk hans til sýnis fyrir almenning. Ákvæði 5. greinar samningsins felur í sér að ekki má breyta þóknun í greiðslu vegna vinnuframlags eða kostnaðar listamannsins í tengslum við sjálfa sýninguna.

Útreikningur þóknunar vegna sýningar skal byggjast á þeirri framlagsgjaldskrá sem er í gildi á meðan sýningin stendur yfir.

Í gjaldskránni eru tilgreindar lágmarksfjárhæðir. Allar fjárhæðir í gjaldskránni eru uppfærðar við upphaf hvers árs miðað við breytingar á launavísitölu frá næstliðnum áramótum.

Í gjaldskránni er sýningarhöldurum skipt í þrjá flokka á grundvelli framlagðra upplýsinga þeirra um fjölda gesta. Tekið er tillit til sýningarhaldara sem standa að víðtækari starfsemi en listsýningum, til dæmis í menningarhúsum. Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til umfangs sýningar, fjölda verka eða þess um hvernig list er að ræða. Litið er á hverja sýningu sem heildstæða upplifun. Aðaláhersla er lögð á það hversu lengi sýningin er opin almenningi og miðast þóknun við vikufjölda.

1. grein. Sjálfstæður samningur um vinnu listamannsins.

Listamaður og sýningarhaldari gera, í samræmi við 3. grein framlagssamningsins, sjálfstæðan samning um vinnuframlag listamannsins og útgjöld hans í tengslum við sýninguna. Sjálfstæður samningur skal vera skriflegur.

Í gjaldskrá þessari er kveðið á um þóknun fyrir framlag listamanns til sýningar og um greiðslu fyrir vinnuframlag við sýninguna sjálfa. Fjárhæðir þessar eru lágmarksviðmið og er óheimilt að semja um lægri fjárhæðir en hér greinir.

Fram þarf að koma í sjálfstæða samningnum undir hvaða gjaldskrárflokk sýning fellur og geta um nákvæman sýningartíma.

2. grein. Þóknun.

Þóknun fyrir þátttöku listamanns á sýningu er verktakagreiðsla fyrir listræna vinnu. Þóknunin er ekki greiðsla fyrir unnið verk sem kallar á launatengd gjöld af hálfu sýningarhaldara, og ekki kvöð um að draga staðgreiðsluskatt frá greiðslu. Engu skiptir hvort listamaðurinn greiðir skatt sem einstaklingur eða fyrirtæki eða hvort hann er skráður á virðisaukaskattsskrá.

3. grein. Lágmarksfjárhæð.

Lágmarksfjárhæð þóknunar á hvern listamann er óháð gjaldskrárflokki og óháð lengd sýningar cf hún er styttri en 4 vikur.

Lágmarksfjárhæð

Einkasýning	80.000 kr.
Samsýning, 2–3 þátttakendur	48.000 kr. á hvern listamann
Samsýning, fleiri en 3 þátttakendur	32.000 kr. á hvern listamann

4. grein. Farandsýning.

Greidd er þóknun fyrir hverja uppsetningu farandsýningar um sig og ræðst fjárhæðin af því hvaða sýningarhaldari stendur að sýningunni hverju sinni. Fara skal eftir gjaldskrárflokkum 1 til 3 hér að neðan við útreikning þóknunar fyrir farandsýningu sem opinber sýningarhaldari stendur að, óháð því hvort sýningin er sett upp í opinberum stofnunum.

5. grein. Skipting þóknunar fyrir samsýningu.

Þóknun fyrir samsýningu skiptist á milli listamannanna samkvæmt tillögu sýningarhaldara, þannig að tillit sé tekið til sýningarrýmis og framsetningar á sýningunni. Sýningarhaldari skal ráðgast við listamennina áður en tekin er ákvörðun um skiptingu fjárhæðar.

Sýningarhaldarar umfangsmikilla samsýninga skulu hafa í huga að í þessari gjaldskrá eru tilgreindar lágmarksfjárhæðir. Sé um að ræða verulega stórar samsýningar, þannig að aðeins er hægt að ábyrgjast lágmarksfjárhæðir samkvæmt lið 3 ber að taka tillit til listamanns eða listamanna sem hafa umtalsvert meiri sýningarrými en aðrir þátttakendur, þannig að hægt sé að greiða viðkomandi hærri þóknun en lágmarksfjárhæð segir til um.

6. grein. Sýningarhaldarar sem starfrækja útibú.

Starfræki sýningarhaldari varanlegt útibú á öðru heimilisfangi er hvert heimilisfang metið sem sjálfstæður sýningarskáli.

7. grein. Flokkun sýningarhaldara.

1. FLOKKUR: STÆRRI SÖFN, SÝSLUSÖFN, STÆRRI SÝNINGARSKÁLAR OG MENNINGARHÚS.

Söfn og sýningarskálar með 50 til 100 þúsund gesti árlega. – Söfn með meira en 100 þúsund gesti árlega en starfsemin snýst ekki einkum um sýningar á myndlist og listið. – Menningarhús með yfir 100.000 gesti árlega.

Þóknun

Einkasýning	48.000 kr. á viku
Samsýning, 2–3 þátttakendur	1,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	tvöföld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 9 þátttakendur eða fleiri	2,5-föld fjárhæðar fyrir einkasýningu

<i>Dæmi</i>	<i>4 vikur</i>	<i>6 vikur</i>	<i>8 vikur</i>	<i>12 vikur</i>
Einkasýning	192.000	288.000	384.000	576.000
Samsýning, 2–3 þátttakendur	288.000	432.000	576.000	864.000
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	384.000	576.000	768.000	1.152.000
Hópsýning, 9 þátttakendur e.fl.	480.000	720.000	960.000	1.440.000

2. FLOKKUR: MINNI SÖFN OG MEÐALSTÓRIR SÝNINGARSKÁLAR.

Söfn í bæjum, sveitarfélögum og sýslum með 10 til 50 þúsund gesti árlega, óháð því hvort helsta starfsemi stofnunarinnar felst í listsýningum. – Sýningarskálar á vegum sveitarfélaga eða einkaaðila með 10 til 50 þúsund gesti árlega.

Þóknun

Einkasýning	32.000 kr. á viku
Samsýning, 2–3 þátttakendur	1,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	tvöföld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 9 þátttakendur eða fleiri	2,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu

<i>Dæmi</i>	<i>4 vikur</i>	<i>6 vikur</i>	<i>8 vikur</i>	<i>12 vikur</i>
Einkasýning	128.000	192.000	256.000	384.000
Samsýning, 2–3 þátttakendur	192.000	288.000	384.000	576.000
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	256.000	384.000	512.000	768.000
Hópsýning, 9 þátttakendur e.fl.	320.000	480.000	640.000	960.000

3. FLOKKUR: LITLIR SÝNINGARSKÁLAR OG SÝNINGARSALIR ÁSAMT EINKASÖLUM.

Sýningarsalir með færri en 10 þúsund gesti árlega. – Smærri söfn, umfangsminni sýningar þar sem listaverkin eru einn þáttur af mörgum í sama rými, t.d. listaverk á bæjarbókasafni, í ráðhúsi o.s.frv. – Einkasalir eða starfsemi á vegum listamanna með færri en 10 þúsund gesti árlega.

Þóknun

Einkasýning	16.000 kr. á viku
Samsýning, 2–3 þátttakendur	1,5-föld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 4–8 þátttakendur	tvöföld fjárhæð fyrir einkasýningu
Hópsýning, 9 þátttakendur eða fleiri	2,5-föld fjárhæðar fyrir einkasýningu

<i>Dæmi</i>	<i>4 vikur</i>	<i>6 vikur</i>	<i>8 vikur</i>	<i>12 vikur</i>
Einkasýning	80.000*	96.000	128.000	192.000
Samsýning 2–3 þátttakendur	96.000	144.000	192.000	288.000
Hópsýning 4–8 þátttakendur	128.000	192.000	256.000	384.000
Hópsýning, 9 þátttakendur e.fl.	160.000	240.000	320.000	480.000

* Reglan um lágmarksþóknun leiðir til hærri fjárhæða fyrir styttri sýningar í 3. flokki en útreikningur gerir ráð fyrir, sjá lið 3 í leiðbeiningum.

8. grein. Gjaldskrá um vinnuframlag listamanns.

Listamönnum eru greiddar verktakagreiðslur fyrir vinnuframlag sem þeir veita sýningarhaldara á meðan á sýningu stendur eða á öðrum tíma ef sýningarhaldari óskar þess. Fyrir vinnuframlag sem varir lengur en þrjú samfellda daga getur sýningarhaldari samið við listamanninn um eingreiðslu. Gjaldskráin er byggð á viðmiðunartaxta SÍM.

Þjónusta	Gjaldskrá fyrir vinnuframlag listamanns	
	Greiðsla á klukkustund (1 klst.)	Almennt gjald (Heildargreiðsla)
Hönnun og yfirstjórn sýningar	6.500 ISK*	Samningsatriði ef um er að ræða 3 daga

		eða fleiri
Ráðgjöf	6.500 ISK*	Samningsatriði ef um er að ræða 3 daga eða fleiri
Uppsetning sýningar	6.500 ISK*	Samningsatriði ef um er að ræða 3 daga eða fleiri
Fyrirlestur / kynning		35.000 ISK
Leiðsögn		24.000 ISK* – 30% álag ef leiðsögnin fer fram á öðru tungumáli en móðurmáli listamannsins

*Lágmarksútkall er 4 klukkustundir.

Þurfi listamaður að dveljast fjarri heimili yfir nótt greiðist 50% álag.

Reykjavík, 6. apríl 2016

Fyrir hönd Sambands íslenskra myndlistarmanna

FRAMLAGSSAMNINGURINN – SAMNINGUR UM FRAMLAG LISTAMANNA TIL SÝNINGA

Greinargerð starfshóps SÍM og forsvarsmanna listasafna

SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA

NÓVEMBER 2015

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	3
INNGANGUR	4
SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMAÑA (SÍM)	5
UM SKIPUN OG STÖRF STARFSHÓPSINS	5
MEGINFORSENDUR STARFSHÓPSINS	6
GREINING UPPLÝSINGA	7
FJÖLDI GESTA	8
TEKJUR AF AÐGANGSEYRI	8
ÞÓKNUN FYRIR SÝND VERK	9
GREIÐSLA FYRIR VINNUFRAMLAG	9
TILLÖGUR	9
MÁLMEÐFERÐ OG AFGREIÐSLA	10
GREINING VERKÞÁTTA	11
ÁFANGI 1	11
ÁFANGI 2	11
ÁFANGI 3	12
ÁFANGI 4	12

SAMANTEKT

Að frumkvæði Sambands íslenskra myndlistarmanna var í ársbyrjun myndaður starfshópur með fulltingi Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur, Hafnarborgar, Listasafns Árnesinga, Listasafns Akureyrar og Nýlistasafnsins. Starfshópnum var ætlað að móta tillögur að framlagssamningi fyrir listamenn sem sýna í opinberum listasöfnum á Íslandi. Starfshópnum var einnig ætlað að skilgreina ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í lögum gagnvart rekstri safna sem eru í opinberri eigu eða njóta styrkja frá hinu opinbera.

Eftir ýtarlegar umræður setur starfshópurinn fram þessar tillögur:

- Hafin verði innleiðing samnings um framlag listamanna til sýninga. Hann taki gildi í áföngum sem ákveðnir verða við undirritun.
- Með framlagssamningnum sé tryggt að söfn og menningarstofnanir sem sýna verk núlifandi listamanna greiði að minnsta kosti ákveðna lágmarkspóknun fyrir sýnd verk.
- Aukið fé verði veitt til opinberra safna og menningarstofnana sem sýna verk listamanna til þess að hægt verði að koma framlagssamningnum á.
- Söfnin geri í rekstri sínum ráð fyrir að greiða listamönnum póknun fyrir sýnd verk.
- Söfnin endurskoði starfsemi sína og geri viðeigandi breytingar til þess að hægt sé að greiða listamönnum póknun fyrir sýnd verk.
- Stofnuð verði samstarfsnefnd um eftirfylgni með framlagssamningnum.

INNGANGUR

Árið 2009 skrifaði sænska ríkið undir samning um þóknun til listamanna sem sýna verk sín í opinberum stofnunum þar í landi. MU-samningurinn, eins og hann er kallaður (*medverkan – utställningsersättning: páttaka – sýningargreiðslur*), er samningur um þátttöku listamanns í listsýningu og þóknun fyrir sýnd verk. Slík þóknun er viðbót við greiðslur fyrir flutning, uppsetningu og útgáfu fyrir sýninguna. Í samningnum er kveðið á um að semja þurfi skriflega um alla vinnu sem listamenn taka að sér í tengslum við sýningar, bæði fyrir og eftir sýningu og meðan á henni stendur, og að greiða þurfi laun fyrir þá vinnu auk þóknunar fyrir sýnd verk. Fulltrúar sænskra listyfirvalda (Statens kulturråd) og helstu myndlistarsamtök gerðu MU-samninginn. Samningurinn er lagður til grundvallar sjálfstæðum samningum sem listamenn og sýningarstofnanir gera með sér, og er í honum sagt til um hvaða skilmála og skilyrði sjálfstæðu samningarnir þurfa að uppfylla. Allar opinberar stofnanir í Svíþjóð sem halda sýningar og fá fjárveitingu frá ríkinu þurfa að fara eftir samningnum.

Við undirbúning íslensku samningsdraganna um framlag listamanna til sýninga var litið til MU-samningsins, og einnig til hliðstæðs kanadísks samnings (Contract for Artist Professional Services and Copyright) frá árinu 2015.

Í starfi hópsins komu fljótt fram ákveðin meginatriði sem mörkuðu grundvöll umræðu og búa að baki þeim tillögum sem settar eru fram. Í því efni má einkum nefna þetta:

- Myndlistarvettvanginn á Íslandi þarf að efla, og myndlistarmenn eiga að fá greitt fyrir vinnu sína.
- Í öðrum listgreinum er sjaldséð að listamenn með mikla reynslu á sínu fagsviði fái ekki greitt fyrir vinnuframlag sitt.
- Hér þarf ákveðna hugarfarsbreytingu, hjá forsvarsmönnum safna og menningarstofnana, hjá ráðamönnum ríkis og sveitarfélaga, og hjá almenningi – en einnig í röðum myndlistarmanna.

Til þess að fá frekari innsýn í starfsemi Sambands Íslenskra myndlistarmanna, sem eins og áður hefur komið fram átti frumkvæði að gerð framlags-samningsins verður hér greint frá markmiðum sambandsins og helstu verkefnum þess.

SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA (SÍM)

Veffang: <http://sim.is>

SÍM er hagsmuna- og stéttarfélag myndlistarmanna, stofnað árið 1982 og hefur nú um 760 félagsmenn, fjölmennustu samtök skapandi listamanna á Íslandi. Í sambandinu eru sjö aðildarfélög auk félagsmanna með einstaklingsaðild: Félag íslenskra myndlistarmanna (FÍM), Íslensk grafík, Leirlistarfélagið, Myndhöggvarafélagið í Reykjavík (MHR), Félag íslenskra samtímaljósmyndara, Myndlistarfélagið og Textílfélagið. Verkefni sambandsins eru fjölmörg. Það annast m.a. ýmis samskipti við opinbera aðila, t.d. að tilnefna fulltrúa í nefndir og ráð, og gefur umsagnir um ýmis mál. Hlutverk SÍM er að bæta kjör og starfsumhverfi myndlistarmanna, gæta hagsmuna þeirra og réttar.

SÍM veitir félagsmönnum sínum aðstoð í faglegum málum, svo sem í sambandi við höfundarétt, tryggingar, flutninga, skatta- og tollamál, sýningarhald og lögfræðileg atriði. Hjá SÍM liggja frammi gjaldskrá SÍM, samkeppnisreglur SÍM, samningar milli listamanna, sýningarsala og sölugallería, samningur og reglur um leigu myndverka til fyrirtækja og stofnana, keppnislýsingar o.fl. SÍM veitir félagsmönnum þjónustu sína endurgjaldslaust.

UM SKIPUN OG STÖRF STARFSHÓPSINS

Fjórir fulltrúar störfuðu í starfshópnum ásamt verkefnisstjóra. Samband íslenskra myndlistarmanna tilnefndi Ilmi Stefánsdóttur og Úlf Grönvold myndlistarmenn, og listasöfnin tilnefndu Þorgerði Ólafsdóttur safnstjóra Nýlistasafnsins og Kristínu Scheving deildarstjóra Vasulka-stofu. Verkefnisstjóri starfshópsins var Ásdís Spanó.

Óskað var eftir því við mennta- og menningarmálaráðherra og við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að skipa sitt hvorn fulltrúann í starfshópinn. Samband íslenskra sveitafélaga hafnaði boðinu sökum þess að þar var talið að verkefni starfshópsins félli ekki að hlutverki og skyldum sambandsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafnaði einnig boði um þátttöku.

Þátttakendur í starfshópnum fengu greitt fyrir störf sín. Þóknun verkefnisstjóra greiddu í sameiningu þeir sem að samstarfinu stóðu.

Í maí 2015 tók Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, við af Kristínu Scheving sem annar fulltrúi listasafnanna.

Starfshópurinn fundaði níu sinnum, í fundarherbergi Sambands íslenskra myndlistarmanna í Hafnarstræti 16, og var fyrsti fundur haldinn 15. janúar

2015. Hópurinn var að störfum frá janúar til október og voru ritaðar fundargerðir um hvern fund.

MEGINFORSENDUR STARFSHÓPSINS

Þekking og reynsla þeirra sem sæti áttu í starfshópnum var lögð til grundvallar í vinnu hópsins.

Helstu verkefni starfshópsins voru að:

- Móta tillögu að framlagssamningi fyrir listamenn vegna sýninga í íslenskum söfnum sem eru í opinberri eigu eða njóta styrkja frá hinu opinbera. Í slíkri tillögu skyldu koma fram þóknunarviðmið fyrir sýningar í opinberum söfnum og skyldi við þær tillögur taka mið af því að samningar geta verið ólíkir, m.a. eftir því hvort um er að ræða einkasýningu eða samsýningu. Í framlagssamningnum skyldu m.a. skilgreind lágmarks-tímaviðmið sem liggja til grundvallar samningnum, og gert ráð fyrir að sýningum geti fylgt efniskostnaður.
- Hafa til hliðsjónar þóknunarviðmið í samningum listamanna og opinberra safna í hinum norrænu ríkjunum, svo sem í MU-samningnum sænska, svo og öðrum löndum sem starfshópurinn teldi ástæðu til að hafa til samanburðar um kjör listamanna hér á landi.
- Greina umfang við starfsemi safnanna, m.a. flokka ólíkar gerðir sýninga og kostnaðargreina þær.
- Skila inn fyrstu drögum að tillögu 24. apríl 2015 og lokatillögu 9. júní 2015. Drógust skil á lokatillögu til nóvember 2015 vegna ákvörðun starfshópsins og SÍM að afla frekari upplýsingar um starfsemi safnanna og fá betri innsýn í ólíkan rekstrargrundvöll þeirra.

Gert var ráð fyrir því að starfshópurinn fundaði tvisvar í mánuði.

Helstu verkefni verkefnisstjóra voru að:

- Skipta verkefnum starfshópsins upp í verkþætti og sjá til þess að þeir kláruðust allir innan tilsetts tíma.
- Sjá um fundarboðun og rita fundargerðir. Afla gagna sem starfshópurinn óskaði eftir.
- Boða til fundar þá sem starfshópurinn taldi ástæðu til að funda með.
- Leggja fram drög að tillögum sem starfshópurinn tæki afstöðu til.

- Rita í samvinnu við starfshópin greinargerð um verkefni hópsins, tillögur hans, áætlun um innleiðingu framlagssamningsins og næstu skref.

GREINING UPPLÝSINGA

Óskað var eftir upplýsingum frá helstu söfnum á Íslandi um sýningar, störf listamanna og fjölda gesta síðastliðin fimm ár. Var tilgangurinn að kostnaðargreina starfsemi safnanna og fá betri innsýn í ólíkan rekstrar-grundvöll þeirra. Fyrirspurnir voru sendar forsvarsmönnum Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur, Hafnarborgar, Gerðarsafns, Listasafns Árnesinga, Listasafns Akureyrar, Listasafns Reykjanesbæjar og Nýlistasafnsins.


Óskað var upplýsinga um:

- Fjölda sýninga, bæði einka- og samsýninga (meðaltal á ári sl. 5 ár).
- Fjölda núlifandi myndlistarmanna sem sýna í safninu á hverju ári (meðaltal sl. 5 ára).
- Fjölda gesta (sl. 5 ár).
- Tekjur af aðgangseyri (sl. 5 ár).


Síðustu upplýsingarnar bárust verkefnisstjóra starfshópsins í nóvember og má sjá helstu niðurstöður í súluritum hér að neðan.

Söfn	Skammstöfun í súluritum
Listasafn Íslands	LÍ
Listasafn Reykjavíkur	LR
Hafnarborg	HB
Gerðarsafn	GS
Listasafn Akureyrar	LA
Listasafn Árnesinga	LÁ
Nýlistasafnið	NÝLÓ
Listasafn Reykjanesbæjar	LRB
Listasafn ASÍ	ASÍ

FJÖLDI GESTA




TEKJUR AF AÐGANGSEYRI




Þar sem ekki er getið um tekjur var þessi ár ekki tekið gjald fyrir heimsókn á söfnin.

Í júlí 2015 var send fyrirspurn á söfnin og óskað eftir upplýsingum um hvað það hefði kostað söfnin að greiða listamönnum þóknun árið 2015 samkvæmt drögum að framlagsgjaldskrá. Svörin má sjá samandregin á töflunni að neðan:

ÞÓKNUN FYRIR SÝND VERK SAMKVÆMT FRAMLAGSGJALDSKRÁ



GREIÐSLA FYRIR VINNUFRAMLAG SAMKVÆMT FRAMLAGSGJALDSKRÁ



TILLÖGUR

Hér á eftir er listi um þau atriði sem starfshópurinn telur að skoða beri betur með það fyrir augum að koma á greiðslu fyrir framlag listamanna á listsýningum og breyta verklagi við samvinnu milli listamanna, menningarstofnana, ríkis og sveitarfélaga.

- Í viðræðum við ríki, sveitarfélög, söfn, menningarstofnanir og almenning ber að leggja ríka áherslu á að greiða þurfi listamönnum þóknun fyrir að sýna verk sín ásamt greiðslu launa fyrir vinnuframlag.
- Greidd verði að minnsta kosti ákveðin lágmarkspóknun fyrir sýnd verk. Fjárhæð þóknunar fyrir hverja sýningu um sig ræðst af tölfræðilegu yfirliti safnanna um fjölda gesta næsta starfsár á undan og um lengd sýningartíma.
- Að hefja innleiðingu samnings um framlag listamanna til sýninga. Lagt er til að ferlið taki tvö ár og að framlagssamningurinn taki gildi í áföngum. Með þessu móti hafa söfnin, ríki, borgin og önnur sveitarfélög ákveðinn aðlögunartíma.
- Til þess að hægt verði að koma á samningi um framlag listamanna til sýninga þarf að veita aukið fé til opinberra safna og menningarstofnana sem sýna verk listamanna. Sú fjárveiting verði ákveðin á grundvelli þeirrar upphæðar sem söfnin hafa skilgreint í svörum við fyrirspurnum starfshópsins (sjá bls. 8-9).
- Söfnin þurfa í rekstri sínum að gera ráð fyrir þóknun til listamanna fyrir sýnd verk. Með slíkum útgjöldum þarf að reikna í rekstraráætlun safnanna.
- Söfnin þurfa að endurskoða starfsemi sína og gera viðeigandi breytingar til þess að hægt sé að greiða listamönnum þóknun fyrir sýnd verk. Slík endurskoðun gæti t.d. leitt til þess að fækka þurfi sýningum á ársgrundvelli í ákveðinn tíma og/eða að taka upp gjaldtöku fyrir heimsókn á söfnin.
- Stofna þarf samstarfsnefnd um eftirfylgni við væntanlegan framlags-samning. Þar starfi fulltrúar mennta- og menningarmála-ráðuneytisins, Reykjavíkurborgar (eða allra sveitarfélaganna sem málið varðar) og Sambands íslenskra myndlistarmanna. Hlutverk samstarfs-nefndarinnar er að að fylgjast með því hvernig ákvæðum framlags-samningsins er hrint í framkvæmd og hvernig þeim er beitt, en að auki að gefa álit sitt á ágreiningsmálum sem kynni að verða vísað til hennar vegna framlagssamningsins eða sérstakra samninga á grundvelli hans.
- Gera þarf ráð fyrir að innleiðing framlagssamningsins taki um tvö ár og að þurfa samningsaðilar að hafa samvinnu um það verk.

MÁLSMEDFERÐ OG AFGREIÐSLA

Drög að framlagssamningi hafa þegar hlotið stuðning forsvarsmanna helstu safna á Íslandi og stjórnar Sambands íslenskra myndlistarmanna. Í tillögu

starfshópsins er lagt til að samningurinn verði grundvöllur að samningi við öll söfn á Íslandi og að hann komi til framkvæmda í áföngum.

GREINING VERKÞÁTTA

Starf SÍM og forsvarsmanna safna við að innleiða framlagssamninginn verði unnið í þessum áföngum:

ÁFANGI 1

1. Fundur með sambandsráði SÍM, framlagssamningurinn kynntur og samþykktur.
2. Starfs starfshópsins kynnt á almennum félagsfundi SÍM. Fyrir þeim fundi liggi formleg tillaga þar sem stjórn SÍM er falið að vinna áfram að innleiðingu framlagssamningsins eftir tillögu starfshópsins.
3. Leitað formlegra viðræðna við stjórnvöld um framkvæmd tillögunnar og þeim kynnt drögin að framlagssamningnum. Í þeim viðræðum er gerð grein fyrir því aukna fjármagni sem veita þarf söfnum og menningarstofnunum sem sýna verk listamanna til þess að gera þeim kleift að greiða listamönnum þóknun fyrir sýnd verk.
4. Framlagssamningurinn undirritaður þann 6. apríl 2016.

ÁFANGI 2

5. Leitað formlegra viðræðna við helstu sveitarfélög sem reka söfn sem samkvæmt framlagssamningnum þurfa að greiða þóknun fyrir sýnd verk, sbr. 1. grein í drögum að framlagsgjaldskrá.
6. Í framhaldi af fundi með ráðherra er leitað eftir fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kannað verður hvernig Sambandið telur skynsamlegt að vinna að innleiðingu framlagssamningsins á vettvangi sveitarfélaganna.
7. Loks verður leitað eftir formlegum viðræðum við helstu sveitarfélög sem eiga og reka listasöfn.
8. Söfn og menningarstofnanir endurskoða rekstur sinn og athuga hvernig þau geta innleitt framlagssamninginn á tveggja ára tímabili. Hvert safn útbýr samningsform til að miða við í einstaklingssamningum sem byggt er á framlagssamningnum.

ÁFANGI 3

9. Mennta- og menningarmálaráðherra óskar að öllum líkindum eftir faglegri ráðgjöf Myndlistarráðs um tillögu starfshópsins.
10. Aukið fé veitt í fjárlögum fyrir árið 2017 til safna og menningarstofnana á grundvelli framlagðra gagna frá söfnunum um fjölda sýninga árið 2015.

ÁFANGI 4

11. Söfn og menningarstofnanir hefja greiðslu þóknunar til listamanna sem sýna verk sín í opinberum söfnum eða öðrum menningarstofnunum.

Með þessari greinargerð og tillögum sem hér er að finna lýkur störfum starfshópsins.

Reykjavík, nóvember 2015


Ilmur Stefánsdóttir


Úlfur Grönvold


Þorgerður Ólafsdóttir


Halldór Björn Runólfsson

